



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

**„Ég ætlaði bara að afgreiða þetta
með fyrirgefningu“**

*Upplifun og skilningur þolenda kynferðisofbeldis
á fyrirgefningu*

Ritgerð til Cand.theol prófs í Guðfræði- og trúarbragðafraeði

**Eva Björk Valdimarsdóttir
Febrúar 2013**

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Guðfræði- og trúarbragðafræði

**„Ég ætlaði bara að afgreiða þetta
með fyrirgefningu“**

*Upplifun og skilningur þolenda kynferðisofbeldis
á fyrirgefningu*

Ritgerð til Cand.theol prófs í Guðfræði- og trúarbragðafræði

Eva Björk Valdimarsdóttir

Kt.: 300778-4619

Leiðbeinandi: Sólveig Anna Bóasdóttir

Febrúar 2013

Þakkir

Ég vil þakka þeim konum sem tóku þátt í rannsókninni með því að koma í viðtal. Þær sýndu mér ótrúlega góðvild að vilja taka þátt í þessu verkefni og trúa mér fyrir erfiðri og persónulegri reynslu, án þeirra væri þessi ritgerð ekki til. Ég við þakka Sólveigu Önnu Bóasdóttur fyrir góða aðstoð og leiðsögn. Ólafi Elínarsyni, Höllu Rut Stefánsdóttur og Aðalheiði Rúnarsdóttur vil ég þakka fyrir stuðning og prófarkarlestur.

Ágrip

Hugmyndin að þessu verkefni kom í áfanga sem ég sat hjá Sigfinni Þorleifssyni og Sólveigu Önnu Bóasdóttur sem hét Sálgæslan og merkingarleitin. Upphaflega átti lokaritgerð mín að fjalla um allt annað efni en þegar ég tók viðtal við unga konu í þessum áfanga fann ég umfjöllunarefni sem mér fannst ég verða að skoða nánar. Viðtalið fjallaði átti að fjalla um lífsreynslu einnar manneskju og hvernig hún hafði fundið merkingu í sínu lífi eftir þá lífsreynslu. Í viðtalinu við þessa konu snérist fókus viðtalsins úr því að vera um merkingarleit í það að fjalla um fyrirgefningu. Hún hafði orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku og sagðist hafa verið fljót að fyrirgefa gerandanum. Aðspurð hvort hún væri búin að fyrirgefa sjálfri sér sagðist hún vera að vinna í því. Við úrvinnslu þessa viðtals mundi ég efir ummælum Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á málþingi þann 18. Október 2011 þar sem hún talaði um kynferðisofbeldi sem hún hafði orðið fyrir í æsku. Hún sagðist hafði hún fundið fyrir þrýstingi frá sjálfri sér til að fyrirgefa geranda sínum. Þetta þótti mér merkilegt og fyrstu viðbrögð mín voru þau að slíkt væri óhugsandi. Eins hugsaði ég til vinkonu minnar sem enn var ekki búin að fyrirgefa sjálfri sér og hversu þung birgði það hlyti að vera.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
Inngangur.....	5
1. Fyrirgefning í fræðilegu ljósi.....	7
1.1 Fyrirgefning í guðfræðilegu samhengi	7
1.2 Sálfræðilegt samhengi	11
1.3 Feminísk gagnrýni	13
1.4 Niðustaða fræðilegrar umfjöllunnar	17
2. Viðhorf og upplifun þolenda á fyrirgefningu	18
2.1 Aðferð.....	18
2.2 Framkvæmd.....	19
2.3 Þáttakendur	20
2.4 Úrvinnsla	20
2.5 Eigindleg rannsókn Þrjár myndir.....	20
Brynhildur.....	21
Elsa	23
Dröfn.....	26
3. Umræða og Niðurstöður	30
Heimildir og önnur hjálpargögn	33
Útgefin gögn.....	33
Heimildir á veraldarvefnum	34
Viðauki 1	35
Viðauki 2	36

Inngangur

Oft á lífsleiðinni verður einhverskonar brestur í mannlegum samskiptum sem kallar á fyrirgefningu. Þessi rof geta orðið í samskiptum tveggja einstaklinga, í fjölskyldum og öðrum hópum og í enn stærra samhengi eins og í heilu samfélagi. Við heyrum það oft þegar við ræðum eitthvað sem gert hefur verið á okkar hlut að best sé að fyrirgefa, þannig komumst við áfram og getum gleymt þessu. Einnig heyrum við að okkur beri að fyrirgefa, það sé jú það sem Biblían boðar og sem kristnar manneskjur getum við ekki annað.

Kynferðislegt ofbeldi hefur verið mikið til umræðu á undanförunum árum og hefur bæði íslenskt samfélag og kirkja vaknað upp við það að við höfum brugðist. Við höfum brugðist þegar kemur að því að vernda þá sem þurfa á vernd að halda. Við höfum komist að því að fólk sem beitir kynferðislegu ofbeldi getur leynst víða. Samfélagið bregst þegar stofnanir þess bregðast ekki við ofbeldi, þegja og reyna að verja sig frekar en standa með þolendum ofbeldis. Við sem héldum að kirkjan væri öruggur staður urðum fyrir vonbrigðum. En hvernig getur kirkjan orðið öruggur staður. Til þess að vinna aftur traust þarf kirkjan að vanda sig þegar kemur að umræðu um kynferðislegt ofbeldi. Umræða um kynferðisofbeldi og fyrirgefningu skiptir þolendum kynferðisofbeldis auðvitað miklu máli. Þau hugtök sem við notum í menningu okkar og hvernig við skiljum þau hafa áhrif á það hvernig við túlkum líf okkar. Þeir túlkunarráttar sem ríkja í samfélaginu um fyrirgefningu hljóta því að hafa áhrif á sjálfsmynd þolenda kynferðisofbeldis.

Í gyðing-kristinni hefð er fyrirgefningin mikilvæg og gjarnan tengd guðlegri fyrirgefningu. Nýlega hefur gildi fyrirgefningar í sálfræðimeðferð orðið útbreytt og þannig þróast sálfræðilegt sjónarhorn fyrirgefningar. Það er ljóst að fyrirgefning er ekki auðvelt ferli sem gerist bara allt í einu¹. Oft tölum við um fyrirgefningu eins og hún sé ekkert mál, við bara fyrirgefum og þá er það búíð. Þegar alvarlegir brestir verða í samskiptum fólks er þetta þó ekki svo einfalt. Það verður alltaf að líta á í hvaða

¹ Fraser Watts, „Relating the Psychology and Theology of Forgiveness“ í Fraser Watts og Liz Gulliford (ritstj.), *Forgiveness in Context* 2004, s. 1-3.

samhengi við erum að tala um fyrirgefningu og forðast það að einfalda hana um of. Það er líka nauðsynlegt að velta fyrir sér hvort það sé hægt að fyrirgefa allt. Eru kannski sumir hlutir sem fólk gerir það alvarlegir að sé einfaldlega ekki hægt að fyrirgefa þá.

Það skiptir máli hvernig textar Biblíunnar eru settir fram og hvernig þeir eru túlkaðir. Í menningu sem sögulega er kristin eru gildi hennar og norm gjarnan komin frá túlkun Biblíunnar. Þessi norm og gildi tilheyrja öllu samfélaginu, en ekki bara kirkjunni. Þess vegna þjónar túlkun Biblíunnar ekki bara kirkjunni heldur einnig hinu veraldlega, afhelgaða samfélagi.² Við lifum í félagslegu umhverfi þar sem ákveðin túlkunarramma ríkir. Hverjum aðstæðum fylgja sett af forsendum, verklagi sem talið er fylgja þeim aðstæðum og tengd markmiðum og tilgangi aðstæðnana. Samkvæmt þessu er sjálfsmýnd fólks er ekki til fyrir utan þessa túlkunarramma sem gera okkur kleift að hugsa og skynja. Öll hugtök sem fylla vitund okkar eru komin úr þeirri menningu sem við lifum í. Það er ekki til vitund sem er frjáls undan þessu. Engin getur túlkað eitthvað algerlega óháð, túlkanir verða til fyrir tilstilli stöðu okkar í hinum félagslega veruleika.³ Það er því mikilvægt að túlka fyrirgefningu út frá sjónarhóli þolenda kynferðisofbeldis. Einnig vil ég komast að því hvaða reynslu þolendur kynferðisofbeldis hafa af umræðu um fyrirgefningu og hvort þeir finna fyrir þrýstingi til þess að fyrirgefa.

Markmið þessarar ritgerðar er að komast að því hvort fyrirgefning búi yfir heilandi afli þegar þolendur kynferðisofbeldis vinna úr reynslu sinni.

- Er tal um fyrirgefning hjálpleg við úrvinnslu kynferðisofbeldis?
- Ber okkur skylda til þess sem kristnar manneskjur að fyrirgefa?
- Er hægt að fyrirgefa allt með tíð og tíma eða er eitthvað sem einfaldlega er ómögulegt að fyrirgefa?

Ritgerðin mun skiptist í tvo megin hluta, 1) Fræðilegan hluta þar sem og 2) Eigindlega rannsókn á viðhorfum og upplifun þolenda á fyrirgefningu. Fræðilega hlutanum er ætlað að svara spurningum um hvort krafan um fyrirgefningu sé skýr og skilyrðislaus innan kristinnar hefðar og siðfræði. Innan kristinnar siðfræði eru mörg sjónarhorn og fær

² Martti Nissinen, *Homoeroticism in the Biblical World, a Historical Perspective* 1998, s.3-4.

³ Rev. Nancy Wilson, *Our tribe, Queer folks, God, Jesus and the Bible* 1995, s.65-67.

sjónarhorn femínista sem fjallað hafa um kynferðis ofbeldi og unnið þolendum þess sérstakt vægi. Eins verður reynt að svara því hvort gert sé ráð fyrir því innan sálfræði að fyrirgefning sé besta meðalið þegar fólk vinnur úr áföllum á borð við kynferðislegt ofbeldi. Í eigindlegri rannsókn verður svo reynt að varpa ljósi á það hvernig fyrirgefning kemur við sögu hjá þolendum kynferðisofbeldis. Hvaða hlutverk fyrirgefningin hefur í bataferli þolenda kynferðisofbeldis, hvernig þær konurnar skilja hana og hvort og hvernig hún kom við sögu í þeirra bataferli. Þetta verður gert með viðtölum við þrjár konur sem komnar eru langt í úrvinnslu á reynslu sinni og hafa talað opinberlega um hana. Eigindlegum rannsóknum af þessu tagi er ekki ætlað að setja fram allsherjarreglu eða lögmál sem hægt er að yfirfæra á alla þá sem eru í þeirra sporum. Með eigindlegum aðferðum er frekar spurt „hvernig“ og „af hverju“ spurninga og þannig fengin mynd af reynslu og merkingarheimi sem ekki fæst með öðrum aðferðum.

1. Fyrirgefning í fræðilegu ljósi

1.1 Fyrirgefning í guðfræðilegu samhengi

Markmið kaflans er að varpa ljósi á hvaða merkingu fyrirgefning hefur innan kristinnar trúar. Fyrst mun ég skoða hvernig hún birtist í Nýja testamentinu. Þar sem Biblían inniheldur mörg rit geymir hún ekki eina einhliða guðfræði fyrirgefningar. Umræða kaflans mun einskorðast við Nýja testamentið og þá sérstaklega Lúkasarguðspjall þar sem guðfræði höfundar þess þykir ítarlegri og yfirgrípsmeiri en annarra höfunda.⁴ Þá verður einnig greint frá hvernig fyrirgefning birtist í boðun kristinnar trúar og hvernig guðfræðingar hafa notað hugtakið í samhengi kynferðislegs ofbeldis.

Þegar íslensk þýðing Biblíunnar frá 2007 er skoðuð þá kemur sagnorðið að fyrirgefa 47 sinnum fyrir í Nýja testamentinu og nafnorðið fyrirgefning 15 sinnum. Sá höfundur Nýja testamentisins sem notar þess orð mest er höfundur Lúkasarguðspjalls og Postulasögunnar, en orðin fyrirgefa og fyrirgefning koma í einhverri mynd 19 sinnum fyrir í Lúkasarguðspjalli og 6 sinnum í Postulasögunni. Í Mattheusarguðspjalli koma

⁴ Anthony Bash og Melanie Bash, „Early Christian Thinking“ í Fraser Watts og Liz Gulliford (ritstj.), *Forgiveness in Context* 2004, s. 29.

þau hins vegar 16 sinnum fyrir, í Markúsarguðspjalli 11 sinnum og í ósviknum bréfum Páls 6 sinnum og þrisvar sinnum í Jóhannesarguðspjalli.

Þegar gríski texti Nýja testamentisins er skoðaður er það sagnorðið ἀφίημι sem helst er notað þegar talað er um að fyrirgefa og nafnorðið ἄφεσις er notað þegar talað er um fyrirgefningu. Í bréfunum er sögnin χαρίζομαι notuð í nokkrum tilfellum ásamt sögninni ἀφίημι og í Lúkasarguðspjalli er sögnin ἀπολύω einu sinni notuð í merkingunni að fyrirgefa. Notkun sagnorðsins ἀφίημι er frekar algeng í Nýja testamentinu og þýðir það ekki alltaf að fyrirgefa. Sögnin ἀφίημι getur þýtt 1) leyfa einhverjum að fara, 2) að fara/yfirgefa, 3) að skilja eftir, 4) skilja við, 5) fyrirgefa 6) gefa eftir skuld 7) hafna 8) stöðva eitthvað atferli 9) stöðva eitthvað ástand, 10) leyfa og 11) að gefa frá sér.⁵ Algengast er að sögnin ἀφίημι sé þýdd að skilja eftir.⁶ Til dæmis þegar Jesús kallar lærisveina sína til fylgis við sig þá yfirgefa þeir allt eða skilja eftir og fylgja honum (Matt 4.20, 4.22, Mark 1.18 og Lúk 5.11).

Í Gamla testamentinu fara stef iðrunnar og fyrirgefningar saman og hefur sú hugsun verið lifandi í gyðingdómi. Í nýja testamentinu talar Jesús gjarnan um fyrirgefninguna og hefur hún tvöfalda þýðingu í gyðing kristinni hefð. Það að Guð fyrirgefi okkur syndir okkar og að við séum kölluð til þess að fyrirgefa öðrum. Þáll tengir þetta saman í Efesusbréfinu þar sem hann segir „Verið góðviljuð hvert við annað, miskunnsöm, fús til að fyrirgefa hvert öðru eins og Guð hefur í Kristi fyrirgefið ykkur“ (Ef 4.32).⁷ Við getum flest verið sammála um það að kristin trú leggur áherslu á fyrirgefningu, Jesús lagði áherslu á fyrirgefningu bæði í orði og verki. Það áhrifamesta sem haft er eftir honum um fyrirgefninguna er ef til vill það sem hann segir á krossinum „Faðir, fyrirgef þeim því þeir vita ekki hvað þeir gera“ (Lúk 23.34). Sá höfundur sem talar mest um fyrirgefninguna er Lúkas, jafnvel þegar tekið er með í reikninginn hve stóran hluta Nýja testamentisins hann hefur skrifað, en hann er af flestum fræðimönnum talin vera höfundur Lúkasarguðspjalls og Postulasögunnar.⁸ Í Lúkasarguðspjalli og Postulasögunni er fyrirgefning synda megin boðskapar þeirra um Guðsríki. Hún tilheyrir hópi hugmynda sem útlista hvað guðspjallið þýddi fyrir áheyrendur Jesú bæði

⁵ Johannes P. Louw og Eugene A. Nida (ritstj.), *Greek English Lexicon of the New Testament based on Semantic Domains*, Volume 2: *Indices* 1988, s.40.

⁶ *NASB Translation*, Bible Suite: <http://biblesuite.com/greek/863.htm>, tekið 15. Janúar 2013.

⁷ Fraser Watts, „Relating the Psychology and Theology of Forgiveness“ í Fraser Watts og Liz Gulliford (ritstj.), *Forgiveness in Context* 2004, s.1

⁸ Robert Tannehill, *Luke* 1996, s. 21.

þá og á komandi tímum. Aðrir höfundar í Nýja testamentinu leggja einnig til hugmynda þess um fyrirgefninguna en ekki á eins meðvitaðan og kerfisbundinn hátt.⁹

Það orð sem oftast er notað þegar talað er um fyrirgefningu í guðspjöllunum er sögnin ἀφίημι og nafnorð sem myndað er af henni ἄφεσις. Sögnin þýðir eins og áður sagði að skilja eftir eða yfirgefa og er oftast þýtt þannig í Nýja testamentinu. Til dæmis er sögnin ἀφίημι notuð þegar Jesús læknað tengdamóður Símonar og sóttitinn fer frá henni. Í hinum gríska menningarheimi hafa þessi orð ekki trúarlega merkingu. Í tungumáli Biblíunnar og ritum sem eru undir áhrifum hennar er merking orðanna ἀφίημι og ἄφεσις hinsvegar orðin trúarleg. Lúkas notar slík orðfæri þegar hann talar um verk Jesú í tengslum við syndina til að útskýra hvað það þýðir að eiga hlutdeild í ríki Guðs.¹⁰ En en í Lúkasarguðspjalli boðar Jesús Guðsríki sem er þegar komið (Lúk 11.20) og sem er innra með okkur sjálfum (Lúk 17.21).¹¹ Í Lúkasarguðspjalli er sögnin ἀπολύω líka notuð yfir það að fyrirgefa. Hún þýðir að leysa eða láta lausa, í sama skilningi og Pílatus leysti Barnabas úr haldi. Það að vera fyrirgefið samsvarar því að hafa verið leystur undan einhverju svipað og með sögninni ἀφίημι, þeim sem hefur verið fyrirgefið syndir sínar hafa verið leystir undan syndinni og eru orðnir hluti af ríki Guðs.

Guðfræðingar eru ekki sammála um hvert samband fyrirgefningar og iðrunnar sé.¹² Hvort iðrun sé nauðsynleg til fyrirgefningar eða hvort fyrirgefning sé skilyrðislaus. Jóhannes skírari predikaði líka fyrirgefningu en hann bauð skírn til iðrunnar og fyrirgefningar syndanna (Mark 2.1-12, Matt 8.2-8, Lúk 5.17-26). En gríska nafnorðið μετάνοια er oftast þýtt *repentance* í enskum þýðingum er reyndar þýtt sinnaskipti í íslensku þýðingunni frá 2007. Hins vegar er fyrirgefning ekki alltaf tengd iðrun. Í Lúkasarguðspjalli 5.17-20 er sagt frá því þegar Jesús læknað laman mann. Vinir mannsins létu hann síga til hans í gegnum þak en engar vísbendingar eru um það að maðurinn hafi iðrast, „Og er Jesús sá trú þeirra sagði hann: „Maður, syndir þínar eru þér fyrirgefnar.“ Þessi túlkun á sér hliðstæðu í orðum Páls postula um réttlætningu af trú. En getur mannleg fyrirgefning líka verið skilyrðislaus? Frederick C. Keene vill meina að þeir sem haldi því fram að ef fólk fyrirgefi ekki geti það ekki búist við fyrirgefningu

⁹ Anthony Bash og Melanie Bash, „Early Christian Thinking“ í Fraser Watts og Liz Gulliford (ritstj.), *Forgiveness in Context* 2004, s. 29.

¹⁰ Sama rit, s. 29-30.

¹¹ Robert C. Tannehill, *Luke* 1996, s. 259-260.

¹² Frederick C. Keene, *Structures of forgiveness in the New testament* 1995, s.121.

Guðs lendi í vanda. Þeir vilji líkja mannlegri fyrirgefningu við fyrirgefningu Guðs og lesi Mattheusarguðspjall 6.12, „Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ þannig. Þessi túlkun stríðir hinsvegar á móti kröfu um réttlæti. Það þýðir að þess sé krafist af þeim sem kúgaðir eru að þeir fyrirgefi gerendum sínum sama hvað, það getur ekki talist réttlæti. Hann telur ef litið er á hvernig orðin ἀφίημι, ἄφεσις, χαρίζομαι og ἀπολύω eru notuð í Nýja testamentinu þá er var vandamálið ekki hvort iðrun var til staðar eða ekki. Í stéttskiptu samfélagi fyrstu aldarinnar skipti félagsleg staða meira máli. Sá sem fyrirgefur öðrum var alltaf í hærri félagslegri stöðu en sá sem var fyrirgefið. Búið var við að þiggjandi fyrirgefningarinnar leitaði eftir henni. Það að bjóða fyrirgefningu var prófraun fyrir heiður þess sem var fyrirgefið. Manneskja sem var lægra sett í samfélaginu gat ekki ögrað heiðri þess sem var ofar settur í samfélaginu. Hann bendir einnig á að ekki eru margar tilvísanir í Nýja testamentinu þar sem fólk fyrirgefur öðru fólki, oftast er það Jesús eða Guð sem fyrirgefa en það er einmitt í þeirra valdi.¹³

Norski guðfræðingurinn Tormod Kleiven hefur komið að faglegru og verklegri vinnu sem tengist kynferðislegri misnotkun í kristnum samfélögum. Í grein sinni “- *Slik som vi tilgir våre skylderne. Å tilgi sin neste, evangelium eller kristenplikt*“ spyr Kleiven hvaða forsendur þurfa að vera til staðar fyrir fyrirgefningu milli fólks. Í bæninni sem Jesús kenndi lærisveinum sínum er fyrirgefning milli manna bundin við fyrirgefningu Guðs. Það virðist sem svo að fyrirgefning milli manna sé bein afleiðing af fyrirgefningu Guðs og litið sé á hana sem kristna skyldu.¹⁴ Kleiven rannsakar sex tilbeiðslubækur og hvernig hugtakinu fyrirgefning er beitt þar. Hann segir að sumir túlki það þannig að þar sem fyrirgefning Guðs er skilyrðislaus sé líka gerð skilyrðislaus krafa til mannsins til að fyrirgefa. Hann bendir á að það séu tvenns konar forsendur sem fyrirgefning, bæði Guðs og milli manna, byggir á. Í fyrsta lagi að sá sem á að fyrirgefa þarf að hafa vald til þess. Guð hefur vald til þess að fyrirgefa syndir því hann er Guð. Vald mannsins til þess að fyrirgefa náunga sínum er háð því hvort vald gerandans til þess að halda áfram að brjóta af sér hafi verið slitið og hvort óbreytt valda jafnvægi milli þolanda og geranda sé til

¹³ Sama rit, s.122-123.

¹⁴ Tormod Kleiven, „Slik som vi tilgir våre skylderne. Å tilgi sin neste, evangelium eller kristenplikt“ *Praktisk Theology* 2011, s. 40.

staðar. Hin forsenda fyrirgefningar að mati Kleiven er að réttlæti. Fyrirgefning feli í sér uppgjör þar sem ábyrgðin er sett á réttan stað þannig að ný heimssýn verði til.¹⁵

Í B.A. ritgerð sinni frá árinu 2007 *Vald, heilun og fyrirgefning* kemst Erla Björk Jónsdóttir að því að kristin skilningur fyrirgefningar krefjist þess ekki að þolendur kynferðisofbeldis nýti sér hana til þess að ná sáttum og endurfundum við ofbeldismenn sína. Hún vill frekar líta á hana sem leið til þess að finna styrk í að enda hatur og sleppa takinu af óttanum og þjáningunni sem stundum heldur þeim föngnum.¹⁶

Helsta niðurstaðan er sú að stíga þarf varlega til jarðar þegar ritningastaðir Biblíunnar um fyrirgefningu eru túlkaðir. Fyrirgefningin tengist stöðu okkar sem börn Guðs, hann fyrirgefur okkur syndir okkar og bíður okkur hlutdeild í ríki sínu. Það að Guð fyrirgefi okkur syndir okkar þarf ekki að þýða að við þurfum eða eigum að fyrirgefa allt. Staða manneskjunnar gagnvart þeim sem beitir hana ranglæti skiptir máli. Jesús fyrirgefur af því að hann hefur vald til þess. Hann er sonur Guðs. Það er ekki hægt að segja að kristin siðfræði krefjist þess af þolendum kynferðislegs ofbeldis að þeir fyrirgefi gerendum sínum skilyrðislaust. Hafa þarf í huga hvort fyrirgefning leiði til réttlætis, veitir hún gerandanum leiði til að halda áfram að brjóta gegn fólki. Aðeins ef uppgjör hefur átt sér stað og þolandinn hefur fengið uppreisn æru er hún möguleg.

1.2 Sálfræðilegt samhengi

Þegar rætt er um gagnsemi og heilunarmátt fyrirgefningar þarf að vísa í rannsóknir því til stuðnings. Í þessum kafla verður leitað svara við þeirri spurningu hvort fyrirgefning sé gagnleg fyrir þolendur ofbeldis út frá sjónarhóli sálfræði og ef svo er hvort og hvernig hjálpa skal þolendum að fyrirgefa. Sálfræðingar hafa reynt að aðgerðabinda fyrirgefningu við önnur sálfræðileg hugtök og þannig leitast við að þróa að kerfi sem eru nýtanleg í klínískri vinnu. Með rannsóknum en einnig með því að læra af bókmenntum heimspeki, guðfræði, sagnfræði og þolendum ofbeldis reyna sálfræðingar að þróa kerfi fyrirgefningar sem eru réttmæt, áreiðanleg og endurtakanleg.¹⁷

¹⁵Sama rit, s. 43-47.

¹⁶Erla Björk Jónsdóttir, *Vald, heilun og fyrirgefning* 2007, s. 52.

¹⁷John M. Berez, *All That Glitters Is Not Gold: Bad Forgiveness in Counseling and Preaching* 2001, s. 255-253-254.

Orðið fyrirgefning er álíka hlaðið og að elska. Við getum sagst elska börnin okkar en notum orðið líka yfir að elska súkkulaði, elska að hlaupa og elska þetta lag. Fyrirgefðu er líka notað í hversdaglegri merkingu þegar við biðjum einhvern að afsaka eitthvað, sættast, veita sakauppgjöf, samþykkja eitthvað eða veita uppreisn æru. Sumir rannsakendur hafa skilgreint fyrirgefningu sem breytingu sem verður innra með einstaklingi gagnvart misgjörðamanni sem hefur ákveðna persónulega þýðingu.¹⁸ Þó ber að varast að skilja það þannig að þetta feli í sér að mæta þurfi misgjörðamanninum, það er ekki nauðsynlegt og alls ekki alltaf ráðlegt.

John M. Berez vill meina að það sé til slæm fyrirgefning. Þegar ástæða fyrirgefningarinnar er meðvirkni og óöryggi þolandans þá er hún líkleg til þess að ýta undir og viðhalda skemmandi samböndum frekar en að ýta undir bata þolenda og ábyrgð þeirra sem gerðu eitthvað rangt. Slík fyrirgefning er oftast vel meint og fólk heldur að það sé að gera það sem er best fyrir sjálfan sig og aðra. Fyrirgefning af þessu tagi getur hinsvegar skaðað þolandann frekar en að græða sár. Berez vill sjálfur skilgreina fyrirgefningu einfaldlega þannig að hún sé það að sleppa tókum á sársauka og biturð sem tilheyri fortíðinni. Hann er sannfærður um að hún sé græðandi afl og að sálfræðingar, prestar og aðrir ætti að reyna að hjálpa fólki að fyrirgefa. Það sé þó ekki alltaf heppilegt að tala um það þannig. Fyrirgefning tengist hugrænum, tilfinningalegum og persónulegum þáttum. Myndin verður svo flóknari vegna þess að taka þarf með í reikninginn þau áhrif sem brotið hafði á manneskjuna og aðstæður hennar nú.¹⁹

Í kaflanum *The clinical Application of Emotin in Psychotherapy* segir Leslie S. Greenberg að það þurfi nýja tilfinningu til þess að breyta tilfinningu. Samkvæmt Greenberg var Spinoza fyrstur til þess að leggja þetta til en hann sagði að það væri ekki hægt að stilla tilfinningar eða fjarlægja þær nema að í staðin komi sterkari tilfinningar. Rökhugsun sé sjaldan nóg til þess að breyta ósjálfráðum tilfinningaviðbrögðum sem byggð eru á skynjaðri hættu. Frekar en að rökræða um tilfinninguna þurfi viðkomandi að fá nýja tilfinningu. Það er því erfitt að segja fólki sem finnur fyrir skömm og reiði að fyrirgefa, viljinn til þess er ekki nóg. Greenberg segir þó að í meðferð sé hægt að hjálpa fólki að skipta út ótta tilfinningum og skömm fyrir reiði, reiðin getur verið réttlát og

¹⁸ Sjá í John M. Berez, *All That Glitters Is Not Gold: Bad Forgiveness in Counseling and Preaching* 2001, s.255

¹⁹ John M. Berez, *All That Glitters Is Not Gold: Bad Forgiveness in Counseling and Preaching* 2001, s. 255-257.

hjálpað fólki að setja mörk, finna til stolts og sjálfsvirðingar. Í staðin fyrir reiðina geti svo síðar komið tilfinningar um samúð og fyrirgefningu.²⁰

Það er ljóst að fyrirgefning er viðkvæmt ferli. Það er mikilvægt fyrir þá sem mæta þolendum kynferðisofbeldis að hafa í huga þær tilfinningar sem tengjast ofbeldinu og áhrifum þess. Þó svo að fyrirgefning geti hjálpað manneskjunni að byggja sig upp þá getur slæm fyrirgefning verið jafn skemmandi. Það getur því verið beinlínis hættulegt að þrýsta á þolanda ofbeldis að fyrirgefa geranda sínum. Manneskjan þarf að finna það hjá sér sjálf og gera það á sínum forsendum. Þeir sem mæta þolendum kynferðisofbeldis þurfa líka að vera vakandi fyrir því hvort manneskjan er það brotin að hún fyrirgefi af meðvirkni.

1.3 Feminísk gagnrýni

Hér verður fjallað sjónarhorn feminískrar guðfræði og siðfræði á kynferðisofbeldi og umræðu um fyrirgefningu. Guðfræðingurinn Marie Fortune er stofnandi Faith Trust Institute í Bandaríkjunum hefur fengist við fræðslu og forvarnir um kynferðislegt ofbeldi út frá guðfræði, siðfræði og sálgæslu. Hún byggir kenningar sínar einnig á frásögnum þolenda kynferðisofbeldis. Fortune bendir á að í kristnum samfélögum sé fyrirgefning það sem helst sé búist við af þolendum kynferðisofbeldis. Margir segi við þolendur „segir Biblían ekki að við eigum að fyrirgefa og gleyma?“ Hún bendir reyndar á að þessi orð séu ekki úr Biblíunni heldur Lé konungi eftir Shakespeare. En veruleikinn er samt sem áður sá að kristin hefð leggur áherslu á fyrirgefningu. Fortune segir mikilvægt að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Hún vill skilgreina kynferðislegt ofbeldi sem synd. Þegar syndahugtakið er komið ár réttan stað og eignað réttum aðila, gerandanum er hægt að fjalla um það á guðfræðilegum nótum.²¹

Hún spyr hvernig hægt sé að ná fram réttlæti þegar staðið er frammi fyrir þeirri synd. Hvað sé nauðsynlegt til þess að bæta það sem brotið hefur verið? Fyrstu viðbrögðin eru oftast réttlát reiði. Í Jóhannesarguðspjalli er sagt frá því þegar Jesús sér sölumenn og peningavíxlara afhelga musterið og fyllist reiði, hann rekur þá út með harðri hendi (Jóh

²⁰ Leslie S. Greenberg, *The clinical Application of Emotion in Psychotherapy* 2008, s. 95-96.

²¹ Marie Fortune, *Sexual Violence, the Sin Revisited* 2005, s. 1

2.13-16). Réttlát reiði hans verður til þess að hann ver musterið og hendir út misgerðarmönnunum. Hann gerir það ekki vegna hefnigirni heldur til þess að stoppa illa meðferð. Þessi mynd er enn sterkari ef við lítum á líkamann sem musteri heilags anda (Jóh 2.21). Brot gegn manneskju hljóta að kalla á álíka viðbrögð. Á eftir réttlátri reiði kemur oftast samúð með þolandanum. Það þarf að binda um sár á líkama og sál. Rétt eins og miskunnsami Samverjinn er kirkjan kölluð til þess að sýna hluttekningu, nota krafta sína og taka þá áhættu að hjálpa þolendum kynferðisofbeldis. Þriðju viðbrögð réttlætis gagnvart þolendum, samkvæmt Fortune, er að tala fyrir hönd þeirra. Þegar fólk er fórnarlamb óréttlætis verður það oft tímabundið varnarlaust gagnvart bæði gerandanum og samfélaginu. Það gerir það af verkum að það á erfitt með að taka nauðsynlegar læknisfræðilegar og lagalegar ráðstafanir. Þá þarf þolandinn einhvern til þess að standa með sér. Fjórðu viðbrögð réttlætis eru að gera gerandann lagalega og andlega ábyrgan gjörða sinna gagnvart þolandanum og samfélaginu.²²

Fortune bendir á það hvernig samfélag okkar forðist að gera einhvern ábyrgan fyrir kynferðisofbeldi. Hún nefnir tungumálið sem gott dæmi um þetta. Það vantar gjarnan virkan geranda í setningar þegar talað eru um kynferðisofbeldi. Það þarf ekki að líta til Bandaríkjana í þessu samhengi, hægt er að taka nýleg dæmi úr íslenskum dagblöðum, til dæmis „Kona varð fyrir hópnaudgun á Indlandi“²³ og „hrottaleg árás sem ung kona varð nýlega fyrir.“²⁴ Þessar setningar eru í þolmynd, eitthvað kom fyrir konuna. Þolmynd leggur áherslu á þolanda setningar en geranda er sjaldnast getið.²⁵ Fortune segir þessar setningar vera eins og „Kona varð blaut þegar hún fór út í rigningu“, gerandinn er alls fjarri. Fjarvera gerandans í málvenjum okkar varðandi kynferðislegt ofbeldi endurspeglar óttan við að gera þá ábyrga.²⁶

Ég get ekki annað en verið sammála Fortune um að flest kerfi í okkar samfélagi, dómstólar, fjölmiðlar og almenningur virðast leita leiða til þess að gera minna úr ofbeldi sem konur og börn verða fyrir og þar með forðast það að gera einhvern ábyrgan. Það er erfitt að þurfa að standa frammi fyrir góða kallinum í sjöppunni sem nauðgaði konu eða þjálfara sem er vel liðinn en ber konuna sína. Hún bendir á tvær leiðir sem fólk fer til

²² Sama rit, s.110-111.

²³ http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/12/17/hopnaudgun_i_straetisvagni_i_delhi/

²⁴ <http://www.ruv.is/frett/indland-motmaeltu-ofbeldi-gegn-konum>

²⁵ Wikipedia : <http://is.wikipedia.org/wiki/Sagnmyndir>

²⁶ Marie Fortune, *Sexual Violence, the Sin Revisited* 2005, s.113

þess að forðast að taka afstöðu með þolandanum þrátt fyrir sterkar sannanir 1) afneitun, sem felst í því að við trúum því ekki að þetta gæti gerst og 2) hvetja viðkomandi til þess að fyrirgefa og gleyma. Fortune segir þessi viðbrögð fari meira að segja stundum saman, „þetta gerðist örugglega ekki en við skulum samt fyrirgefa og gleyma“, hún ítrekar að það sé samt erfitt að fyrirgefa eitthvað sem enginn hefur gengist við að hafi gerst.²⁷

Fortune gerir greinarmun á fyrirgefningu samfélagsins og fyrirgefningu einstaklings. Fyrirgefning samfélagsins felst í því að hennar mati að samfélagið vilji leifa gerandanum að byrja uppá nýtt. Hún segir hana lokastig réttlætisins sem getur leitt til þess að gerandinn sættist við sjálfan sig og samfélagið. Slík fyrirgefning getur aðeins komið á eftir viðurkenningu á brotinu, áhrifum þess og iðrun. Hún veitist ekki þeim sem leita skjótrar aflausnar eða reyna að spila með þolendur sína og samfélagið til þess að forðast ábyrgð. Fyrirgefning á heldur ekki að nota sem allra meina bót vegna þess að samfélagið treystir sér ekki til þess að horfast í augu við kynferðislegt ofbeldi. Fyrirgefning af hálfu samfélags krefst uppgjors og viðurkenningar að meðlimur þess hafi verið beittur misrétti af hálfu annars meðlims þess og að gerandinn hafi reynt að bæta það á einhvern hátt. Samfélagið þarf líka að gera ráðstafanir til að brjóta hringrás ofbeldis. Refsing gerandans ein og sér án meðferðar brýtur gerandann niður og stuðlar því ekki að réttlæti.²⁸

Þegar rætt er um fyrirgefningu einstaklingsins bendir Fortune á það hvernig þolendur kynferðisofbeldis fá stundum þau skilaboð að best sé að fyrirgefa og gleyma þessu, eða að fyrirgefning sé lykillinn að bata þeirra. Fyrir þolanda sem líður þannig að hann langi ekki til að fyrirgefa virka þessi orð illa. Þau gera hann eða hana bara sakbitna fyrir það að geta ekki fyrirgefið. Eins og rætt var hér að ofan er fyrirgefningin á sviðið tilfinninga og ekki er hægt flýta henni eða framkalla af utanaðkomandi aðila. Það er bæði ósanngjarnt og óraunhæft að ætlast til því að fólk geti bara afgreitt þann sársauka sem það finnur fyrir. Fyrirgefning er ekki eingöngu viljaverk þó svo að hún getir orðið til vísvitandi. Það er ekki hægt að fyrirgefa einfaldlega af því að einhver sagðir þér að gera það.²⁹

²⁷ Marie Fortune 2005, *Sexual Violenc, the Sin Reviseted*, s.112-113.

²⁸ Sama rit, s.116-117.

²⁹ Sama rit, s.162-163,

Hún segir þolendur leggi líka mismunandi merkingu í fyrirgefningu. Sumir vilji gleyma því sem gerðist með því einfaldlega að hætta að hugsa um það. Sumir skilji það hins vegar þannig að með því að fyrirgefa séu þeir að segja að brotið og afleiðingar þess séu í lagi, að það hætti að vera brot. Fortune bendir á að hvorug þessara merkinga geti átt við þá reynslu að verða fyrir nauðgun eða kynferðislegri misnotkun. Í fyrsta lagi gleymir fólk ekki þeirri reynslu, minningin um hana verður alltaf hluti af vitund þolandans. Hún verður hluti af sögu viðkomandi rétt eins og önnur jákvæðari reynsla. Það sé heldur aldrei hægt að segja að misnotkun eða nauðgun séu í lagi, bæði verða alltaf misbeiting og ranglæti sem manneskja varð fyrir. Fortune kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirgefning sé í besta falli síðasta skrefið sem þolandi tekur og geti þannig verið lykill að því að sár grói. Hægt sé að hjálpa þolendum sem vilji fyrirgefa ef og þegar þeir séu tilbúnir til þess.³⁰

Í bók sinni *I Will Survive: the African American Guide to Healing from Sexual Assault and Abuse* ræðir Lori Robinson afleiðingar kynferðisofbeldis í heimi þeldökkra kvenna í Bandaríkjunum. Hún er sjálf þolandi og notar eigin reynslu ásamt viðtölum við þolendur til þess að varpa ljósi á heilunarferli þolenda. Ein af viðmælendum hennar, Linda Hollies sem er prestur meðódista og þolandi kynferðisofbeldis segir að fyrir sér hafi það að fyrirgefa þýtt að taka gerandann af dagskrá sinni um endurgjald og fela Guði það. Það er það eina sem hún þýði, að hætta að óska honum dauða. Hún segist ekki búast við neinu frá gerandanum, ekki afsökunarbeiðni, sárabótum eða iðrun. Að fyrirgefa hafi þýtt að sleppa því lausu og leyfa honum að fara úr huga sér. Þetta þýði ekki að brotið sé gleymt, en þegar hún muni eftir því segi hún „Guð, þetta er þitt, þú mátt eiga það“.³¹

Annar viðmælandi Robins, Rev. Aubra Love sem einnig er prestur og þolandi heimilisofbeldis segir samfélög trúaðra eigi oft erfitt með réttláta reiði þolendana. Þegar einhver geti ekki fyrirgefið búi líklega að baki réttlát reiði og að baki henni búi ef til vill vilji til félagslegra breytinga. Með því að gera það sem við trúum að Guð hafi kallað okkur til að gera muni fyrirgefningin smá saman koma þegar við finnum að við séum ekki lengur af gera það af reiði heldur kærleika. Þrátt fyrir gagnrýna sín á þá áherslu

³⁰ Sama rit, s. 162-164.

³¹ Lori Robinson, *I Will Survive: the African American Guide to Healing from Sexual Assault and Abuse* 2002, s. 131

sem sett hefur verið á fyrirgefningu kynferðisofbeldis í kristinni hefð útiloka þeir polendur sem Robinson talaði við ekki að fyrirgefning sé möguleg. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að hún kemur ekki í stað réttlætis og ekki sé hægt að flýta henni.³²

Sólveig Anna Bóasdóttir varpar fram þeirri spurningu hvort alltaf sé rétt að fyrirgefa eða hvort til séu gjörðir sem séu ófyrirgefanlegar. Hún segir ekki gagnlegt að reyna að finna svör við slíkum spurningum. Það er að segja, ekki sé hægt að flokka niður gjörðir sem eru ófyrirgefanlegar eða fyrirgefanlegar. Sérhver manneskja verði að komast að því sjálf hvað hún vill og hvers hún er megnug. Fyrirgefning sé alltaf háð aðstæðum og hverjar aðstæður eru einstakar. Sérhver manneskja sé einstök og reynsla hennar og upplifun einnig. Hún bendir einnig á að ekki sé hægt að aðskilja líf manneskjunnar eins og það hefur orðið og möguleikann á fyrirgefningu. Manneskjan ein veit hvort hún er möguleg.³³

1.4 Niðurstæða fræðilegrar umfjöllunnar

Niðurstæða fræðilegrar umfjöllunnar er sú að varasamt er að ræða um fyrirgefningu við polendur kynferðisofbeldis. Það er ekki túlkun allra guðfræðinga að kristin trú geri þá kröfu að manneskjur fyrirgefi allt skilyrðislaust, þó svo að fyrirgefning Guðs sé skilyrðislaus. Rannsóknir á tungumáli Nýja testamentisins sem settar eru í félagslegt samhengi benda til þess að samfélagsstæða og vald hafði áhrif á það hvort fyrirgefning var möguleg. Ekki eru dæmi um það í Nýja testamentinu að valdalítil manneskja fyrirgefi manneskju sem er félagslega valdameiri.

Mikilvægt er að gera greinarmun á fyrirgefningu Guðs og fyrirgefningu milli manna. Bæði guðfræðingar og sálfræðingar benda á að margt þarf að gerast áður en manneskja getur fundið það hjá sér að hún vilji fyrirgefa. Eins og bæði Keene og Kleiven benda á þá er ein forsenda hennar að vald geranda ofbeldisins til þess að halda áfram sé rofið. Það hlýtur að vera grunn forsenda þess að hægt sé að fyrirgefa. Hafa þarf í huga hvort fyrirgefning leiði til réttlætis, veitir hún gerandanum leyfi til að halda áfram að brjóta

³² Lori Robinson, *I Will Survive: the African American Guide to Healing from Sexual Assault and Abuse* (New York: Seal Press, 2002), 132

³³ Sólveig Anna Bóasdóttir, „Er ekki komin tími til að fyrirgefa?“ *Fyrirgefning og Sátt*, 2009, s. 209

gegn fólki. Aðeins ef uppgjör hefur átt sér stað og þolandinn hefur fengið uppreisn æru er hún möguleg.

Eins þurfa viðbrögð samfélagsins að vera rétt og ábyrðin sett á réttan stað. Sem samfélag þurfum við að horfast í augu við það að kynferðislegt ofbeldi á sér stað alls staðar í samfélaginu. Við þurfum að vera óhrædd að mæta því og takast á við það.

2. Viðhorf og upplifun þolenda á fyrirgefningu

2.1 Aðferð

Rannsóknaraðferðin er eigindleg og byggir á því sjónarmiði að raunveruleikinn mótist í vitund þeirra einstaklinga sem upplifa hann í samskiptum sínum við umheiminn. Hún byggist á einstaklingsviðtölum, þar sem lífssaga einstaklings er megin viðfangsefnið. Markmið slíkra eigindlegra rannsókna er oftast ekki að safna gögnum heldur varpa ljósi á spurningar með kerfisbundnum hætti. Hvernig manneskjur takast á við ákveðnar aðstæður og hvernig manneskjur í þeim aðstæðum skilja aðstæðurnar í gegnum tákni, ritúöl, félagskerfi, félagshlutverk og fleira. Eigindlegar aðferðir veita leiðir til þess að fá aðgang að upplýsingum sem eru ómælanlegar. Táknbundin samskipti (e.symbolic interaction) er ein af kenningum félagsvísinda sem eigindlegar aðferðir byggja á. Hún gerir ráð fyrir tengingu ákveðinna hugtaka sem lýsa og útskýra ákveðna vídd mannlegrar hegðunnar. Manneskjan er einstök að því leiti að það sem hún segir og gerir er afurð þess hvernig hún túlkar félagslegan veruleika sinn. Það er að segja, mannleg hegðun byggir á námi frekar en líffræðilegum hvötum. Við miðlum því sem við lærum með táknum og algengasta táknkerfið er tungumálið. Tákn tungumálsins samanstanda af hljóðum og táknum sem fólk hefur komið sér saman um að innihaldi ákveðna merkingu. Það sem rannsakendur sem aðhyllast táknbundin samskipti leitast við að gera er þá að fanga kjarna þessa ferlis til að túlka eða skilja merkingu ólíkra tákna.³⁴ Ein af aðferður eigindlegra rannsókna eru viðtöl. Með þeim gefst rannsakendu tækifæri á að fá innsýnn

³⁴ Bruce L. Berg, *Qualitative Research Methods* 2009, s. 8-11.

í skilning og skynjun annara til þess að kanna hvernig fólk myndar og gefur sjálfum sér og öðrum merkingu.³⁵

2.2 Framkvæmd

Viðtölin verða hálf stöðluð þar sem spurt er opinna spurninga. Rýnt verður í þá merkingu sem þátttakendur leggja í ákveðna atburði og hugtök tengd þeim. Tekin verða viðtöl við þrjár konur. Úrtakið eru þolendur kynferðisofbeldis sem eru komnir ágætlega á leið með að vinna úr reynslu sinni og verða þátttakendur fengnir með því að hafa samband við konur sem hafa rætt um reynslu sína opinberlega eða aðrir þátttakendur hafa bent á. Úrtakið er því hentugleikaúrtak og helgast það af því hversu viðkvæmt málefni er um að ræða.

Tilgangur eigindlegrar rannsóknar er að fá fram upplifun og skilning þolenda kynferðisofbeldis á fyrirgefningu. Megin spurningar eigindlegu rannsóknarinnar eru þrjár.

- Er tal um fyrirgefning hjálpleg við úrvinnslu kynferðisofbeldis?
- Telja þolendur að þeim beri skylda til þess sem kristnar manneskjur að fyrirgefa?
- Er hægt að fyrirgefa allt með tíð og tíma eða er eitthvað sem einfaldlega er ómögulegt að fyrirgefa?

Við úrvinnslu viðtala verður lögð áhersla á þau hugtök sem fræðimenn á svið guðfræði, sálfræði og femínískrar guðfræði telja mikilvæg í þessu samhengi. Þetta eru valdastaða gagnvart gerandanum, tilfinningar gagnvart honum og tilfinningar gagnvart fyrirgefningu. Hvort þolendur upplifi slæma fyrirgefningu. Einnig verður litið til þess hvort þolandinn hafi upplifað réttlæti af einhverju tagi. Við úrvinnslu viðtala verður haft í huga hvort þolendur telji það vera skildu sína sem kristnar manneskjur að fyrirgefa.

³⁵ Bruce L. Berg, *Qualitative Research Methods* 2009, s. 102.

2.3 Þáttakendur

Þátttakendur eru þrjár konur á aldrinum 27-34 ára. Þær eiga það sameiginlegt að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi og allar leitað sér hjálpar til að vinna úr afleiðingum þess. Tíminn sem liðinn er frá obeldinu var að minnsta kosti 7 ár. Þátttakendur voru fengnir með því að hafa samband við konur sem höfðu talað opinberlega um reynslu sína en einnig voru sameiginlegir vinir sem bentu mér á þær og spurðu hvort þær vildu taka þátt í rannsókninni. Konurnar fengu í kjölfarið bréf sem sent var á samskiptavefnum facebook má sjá í viðauka. Í bréfinu er efni rannsóknarinnar kynnt, fyrirgefning í samhengi kynferðisofbeldis. Til þess að bréfið skildist ekki þannig að ég væri að mæla með því að þær myndu fyrirgefa segir ég að tildrög ritgerðarinnar séu orð Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur um fyrirgefningu. Í ritgerðinni hefur nöfnum þátttakenda verið breytt til að halda við þær trúnað.

2.4 Úrvinnsla

Viðtölin fóru fram í heimahúsum, ýmisst á heimili rannsakanda eða viðmælenda þar sem gott næði fékkst. Þau fóru fram á tímabilinu frá nóvember 2011 til janúar 2013. Viðtölin voru tekin upp á segulband og afrituð. Viðmælendum var boðin viðtöl hjá sálgæslupresti LHS ef þeir vildu í kjölfar viðtalsins og gat rannsakandi að sótt handleiðslu hjá honum. Viðtölin voru tekin upp með stafrænu upptökutæki með leyfi viðmælenda. Þau voru síðan skrifuð upp orð fyrir orð ásamt athugasemdum og hugleiðingum rannsakana. Það sem birtist í þessari ritgerð er aðeins brot af viðtölunum og fer það eftir þeim spurningum og álitamálum um fyrirgefningu sem var tilefni rannsóknarinnar. Viðtölin verða ekki birt í heild sinni þar sem innihald þeirra gæti verið persónugreinanlegt.

2.5 Eiginleg rannsókn Þrjár myndir

Brynhildur

Brynhildur var alin upp í fjölhyggju, hún lærði um kristna trú og sótti fermingarfræðslu en fermdist ekki. Hún sagði móður sína hafa kennt sér um trú, trúarbrögð, dulspeki og margt fleira. Hún er því ekki alin upp í kristinni trú í hefðbundnum skilningi og var frekar kennt að þekkja margar hliðar trúarbragða og skoða með gagnrýnum augum. Í dag er hún ekki trúuð en var á tímabili leitandi en segist loks vera komin aftur í sátt við sína ekki trú eins og hún vill kalla hana.

Brynhildur talaði um uppeldi sitt og hvernig móðir hennar hafi lagt áherslu á kærleika og það góða í uppeldi sínu

„Allir eru góðir, það er allt gott, og öll svona, allt samfélag byggir á einhverju góðu.“

Mamma hennar kenndi henni að sjá það fallega við allar manneskjur og að sýna umburðarlyndi. Hún sagði þó að það hafi kannski ekki alltaf hjálpað sér og segir að þegar hún hafi verið yngri hafi þetta leitt til þess að hún hafi talið að þar sem að allir væru góðir þá hlyti það slæma sem gerðist að vera henni að kenna

„það þarf kannski að útskýra aðeins betur fyrir barni að það eru ekki allir góðir heldur gerir gott fólk stundum vonda hluti.“

Það vakti athygli mína að þrátt fyrir að fólk geri vonda hluti notar hún ennþá orðalagið gott fólk. Það sem Brynhildur er að lýsa þarna gæti tengst slæmri fyrirgefningu eins og Berecz talar um, þar sem hún segir að þetta hafi ekki alltaf verið gagnlegt fyrir sig. Brynhildur sagði frá því að hún hafi orðið fyrir kynferðisofbeldi þegar hún var barn og á unglingsaldri varð hún svo fyrir nauðgun. Þegar hún talaði um það lagði hún áherslu á að gerendurnir séu bara fólk og segist leggja áherslu á það í umræða fólks um kynferðisofbeldi. Hún segir að allt fólk geti gert eitthvað slæmt. Þetta sagði Brynhildur að hafi verið gott fyrir sitt bataferli.

Brynhildur sagðist fljótt hafa fyrirgefið geranda sínum og lýtur á þá fyrirgefningu jákvæðum augum. Hún er ennþá sannfærð um að allar manneskjur séu góðar og gerir sitt besta í því að vilja öllum vel.

„af einhverjum ástæðum gat ég kastað fram mjög auðveldlega að fyrirgefa þessum og þessum fyrir þetta og hvað fólst í því fyrir hina manneskjua sem ég var að fyrirgefa, að það væri bara að vilja öðrum vel og að fólk væri samt gott og að ég vildi samt að fólki liði vel þrátt fyrir að það hefði gert mér eitthvað og þá var það að mér má líða vel líka“

Það má þó líka lesa úr þessum orðum að hún líti það ekki alltaf jákvæðum augum að eiga auðvelt með að fyrirgefa og einnig virðist sem það að hafa fyrirgefið fljótt hafi stundum þvælst fyrir henni.

„Bara svona, að geta ekki gleymt því, af því maður fyrirgefur sko, þá eru hlutirnir svona búnir, það þýðir ekki að þeir séu farnir, en þá eru þeir svona búnir og þá á maður ekki að hugsa um þá lengur, það er sem sagt hugsunin sem var.“

Að mínu mati er þetta slæm fyrirgefning. Þar sem Brynhildur er búin að fyrirgefa og þá eigi hlutirnir að vera farnir. Það virðist samt vera að þetta trufli hana. Það ber þó að hafa í huga að eins og Fortune segir að minningin um kynferðislegt ofbeldi fari ekki, það er ekki hægt að ætlast til þess að fólk gleymi. Kannski hefur hún sett of mikla pressu á sjálfa sig að klára málið og mega ekki hugsa um það lengur, eins og hún segir. Fyrirgefningin var kannski leið fyrir hana til þess að leggja þessar hugsanir til hliðar til þess að geta haldið áfram. Brynhildur er þó samt sem áður ennþá að glíma við það að fyrirgefa sjálfri sér.

„Þetta er bara fast ferli sem heldur áfram en það er eiginlega frá þessum punkti sko. Þannig að ég tók mér mánuð eftir þetta, í það að segja við sjálfa þig, þetta er allt í lagi, ég fyrirgef þér, þú ert frábær manneskja og þér má alveg líða vel. Svona hugræn atferlismeðferð í gangi, breyta hugsunarhætti.

Brynhildur talaði ekki um sjálft ofbeldið og segist ekki muna það alveg og sé ekki tilbúin til þess að fara í það. Fyrirgefning er því ef til vill leið hennar til þess að geyma málið. Þar sem að við vitum ekki hver gerandi hennar er og vitum lítið um ofbeldið er erfitt að meta áhrif þess á hana. Þar sem hún hefur einhverja minningu

um það og finnst hún þurfa að fyrirgefa sjálfri sér þá hafi ofbeldið áhrif á hana. Hún hefur ekki upplifað réttláta reiði eða réttlæti í þessu máli. Fyrir mig er ómögulegt að segja hvort það sem Brynhildur hefur ákveðið að fyrirgefa sé hægt að fyrirgefa. Í dag virðist fyrirgefningin vera hennar leið til þess að halda áfram með líf sitt og geyma frekari umhugsun um kynferðisofbeldið.

Elsa

Uppeldi Elsu var líklega mest tengt kristinni trú af þeim konum sem ég talaði við. Hún sagði foreldrar sína bæði vera trúrækin og kirkjurækin. Hún sagði frá því að hún hafi sjálf byrjað lítil að fara í sunnudagaskóla og á upptökur af því þegar hún og móðir hennar skoða saman efni úr sunnudagaskólanum. Elsa er í dag kristinnar trúar og starfar á vegum kirkjunnar.

Þegar hún var rúmlega tvítug var henni nauðgað af manni í heimahúsi sem hafði byrjað henni lyfjum. Hún þekkti ekki gerandann en gat borið kennsl á hann og kærði hann þegar ár var liðið frá atburðinum. Nokkrar konur stigu þá fram og fékk hann dóm fyrir að nauðga tveimur þeirra, viðmælenda mínum meðal annars. Elsa hefur farið í blaðaviðtöl vegna málsins þar sem hún vakti athygli á því hversu lítinn hluta þeirra miskabóta sem þolendum kynferðisofbeldis eru dæmdar skila sér til þeirra. Ríkið ábyrgist aðeins að greiða ákveðna upphæð en afganginn þurfa þolendur sjálfir að innheimta hjá geranda sínum.

Elsa sagði móður sinni frá atburðinum strax daginn eftir en treysti sér ekki til að kæra þá. Í viðtalinu talaði Elsa um fyrirgefningu af fyrra bragði áður en hún var spurð um hana. Í bréfi sem ég sendi viðmælendum mínum kom þó fram að umræðuefnið yrði fyrirgefning en þeim gert ljóst að ég væri ekki að þrýsta á slíkt.³⁶ Hún var í listmeðferð á þessum tíma og talaði um atburðinn þar og afgreiddi málið með því að segjast vera búin að fyrirgefa.

³⁶ Sjá viðauka 2, bréf sem sent var viðmælendum.

„Þegar ég lendi í þessu þá hérna var ég í listmeðferðartímum og hérna ég fór bara og talaði um þetta strax í næsta tímanum, sem var mjög fínt sko, en ég talaði bara um það í þeim tíma, og svo ekkert meir í hinum tímunum hjá henni ég lokaði bara á það.“

Aðspurð um hvort hún hafi fundið fyrir þrýstingi um að fyrirgefa sagði hún.

„Ég fann hann hjá sjálfri mér, rosalega sterkt, strax eftir þetta, og það kom best fram í tíma hjá listmeðferðarfræðingnum, þegar ég settist niður með henni og fór að tala um þetta, ég minntist aðeins á þetta, sagði honum að ég væri búin að fyrirgefa honum og ég þyrfti ekki að tala um þetta meir.“

Rannsakandi: Var þetta þá svona að fyrirgefa og gleyma?

„Já, þá var þetta svolítið frágengið, og hérna það var mjög trúarlega tengt sko, ég hitti mömmu stuttu eftir að þetta gerðist sigri hrósandi, yfir því að ég fyndi að ég væri búin að fyrirgefa honum og væri farin að biðja fyrir honum, sem að sko að í dag finnst mér segja mikið til um hvað ég var tætt, foreldrar mínir búa ekki eða bjuggu ekki eða voru ekki á svæðinu, búa fyrir norðan og ég bý ein hérna í Reykjavík og ég var nýhætt með kærastanum mínum til þriggja ára, ég var rosalega ein, ég var mjög ein og var ekki búin að kynnast vinkonum mínum sem ég á núna þannig að ég var mjög ein, hallaði mér algerlega að trúnni, í þessu og þú veist ég hefði þurft meira, ég hefði þurft einhvern, einhvern til að tala við.“

Elsa tengir fyrirgefningu sína kristinni trú og lýsir því hvernig hún hafi verið haldreipi sitt á þessum tíma. Hún virðist gera sér grein fyrir því að þetta var ekki alvöru fyrirgefning heldur merki um það að hún hafi ekki verið tilbúin til þess að takast á við atburðinn. Hún segir svo frá því að hún hafi misst vinnuna nokkrum dögum síðar vegna þess að hún var í miklu tilfinningalegu uppnámi og treysti sér ekki til að vera þar.

„En þú veist ég sá eitthvað trúarlegt í því líka að það væri bara verið að reyna mig rosalega mikið á einu tímabili...ég náði að vinna mig út úr sambandsslitunum, þetta var allt of mikið fyrir mig til að ráða við, þannig að

ég held að ég hafi notað trúna sem svona leið til þess að leggja þetta til hliðar, ég réð ekki við þetta.“

Elsa lýsir fyrirgefningunni þarna sem tímabundinni leið til þess að leggja málið til hliðar þegar hún réð ekki við það að horfast í augu við það. Það er spurning hvort hægt sé að skilgreina hana sem slæma fyrirgefningu eins og þá sem Berecz talar um. Elsa var ekki í neinum samskiptum við manninn sem nauðgaði henni og því ýtti þessi tímabundna fyrirgefning ekki undir skemmandi samband. Nauðgunin hvíldi þó greinilega á henni og hafði skemmandi áhrif á líf hennar.

Rannsakandi: Þannig að fyrirgefningin var aðferð til að leggja þetta til hliðar og þér fannst þú finna eitthvað svar þar um að þú ættir að fyrirgefa.

H: Já, það náttla bara, ég meina manni er kennt það frá blautu barnsbeini, þú veist að bjóða hina kinnina, að biðja fyrir óvinum sínum, að hérna þú veist, í rauninni að reyna að elska alla eins og að drottinn elskar alla, og gerir lítinn greinarmun á fólki.

Þessi skýring Elsu á því að hún hafi ákveðið að fyrirgefa er mjög áhugaverð. Þessi túlkun hennar á kristinni siðfræði er alls ekki óvenjuleg og það sem flest börn sem sækja sunnudagaskóla fá líklega að heyra. Elsa vísar til Lúkasarguðspjalls 6.27-29 um að elska óvini sína og skilyrðislausrar fyrirgefningar Guðs.

Rannsakandi: Fannst þér þetta hafa einhver áhrif á þinn bata?

H: Já að vissu leiti, jákvæðan og að vissu leiti neikvæðan, að vissu leiti jákvæðan af því að ég var að reyna að vinna úr og að halda áfram sko, ég var að reyna að vinna eitthvað í þessu, en á neikvæðan hátt að mér fannst þessi leið kannski verða til þess að úrvinnslan svolítið staðnaði, ég ætlaði bara að afgreiða þetta með þessu, en það var ekkert hægt, það er ekkert hægt... í dag þá get ég ekki sagt kannski að ég fyrirgefi honum, þetta var eitthvað sem ég sagði þá, án þess að hafa einhverja innistæðu fyrir því

Á þessum ummælum að dæma finnst mér Elsa hafa náð að vinna það vel úr tilfinningum sínum þar sem hún getur bæði séð jákvæðar og neikvæðar hliðar þess að

hafa lagt málið til hliðar tímabundið. Hún segir úrvinnsluna hafa staðnað en segir þetta líka hafa verið hjálplegt um tíma. Hún segir svo: „það er ekki hægt að afgreiða þetta með þessu“ og á þá við fyrirgefningu, ekki hafi verið innistæða fyrir henni.

Elsa segir svo frá því þegar hún ákvað að kæra manninn sem nauðgaði henni.

„En svo þorði ég ekki að koma fram fyrr en mamma sá mynd af honum í blöðunum og hringdi í mig og sagði, ertu búin að fletta blaðinu, flettu upp á þessari blaðsíðu ég held að það sé mynd af honum í blaðinu og ég fletti upp á og þá var liðið ár, og þá var þetta hann og það var búið að kæra hann og dæma hann fyrir að gera það sama“.

Elsa fór þá til lögreglu og kærði manninn og endaði málið þannig að hann fékk líka dóm fyrir að nauðga henni og voru henni dæmdar miskabætur. Elsa upplifði því réttlæti að vissu leyti en samt sem áður mun hún líklega ekki fá allar þær bætur sem dómurinn taldi hana hafa rétt á. Maðurinn var dæmdur í fangelsi í nokkur ár og hefur fengið dóm fyrir þrjár nauðganir, Elsa segist vita af einni í viðbót þannig að þær eru að minnsta kosti fjórar. Það eru nokkur ár síðan hann var látin laus. Það er því óvíst að dómurinn hafi bundin enda á brotaferil hans. Elsa segir hann hafa flutt úr landi, líklega til Þýskalands. Út frá þeim forsendum sem Tormod Kleiven segir þolendur þurfa til að geta fyrirgefið er því ekki víst að Elsa upplifi sig hafa vald til þess að fyrirgefa honum.

Dröfn

Dröfn segist vera alín upp í trú upp að ákveðnu marki. Hún hafi verið skírð og fermd, farið í sunnudagaskóla sem krakki og messu á jólunum en það hafi ekki verið nein sérstök áhersla á trúmál á heimilinu.

Dröfn segir frá því að á öðru ári í menntaskóla hafi maður reynt að nauðga sér en vinkona hennar sem var að leita að henni hringdi á lögregluna sem varð til þess að aðeins varð um nauðgunartilran að ræða. Hún segist ekki hafa litið á þetta sem kynferðislegt ofbeldi fyrr en mörgum árum síðar þegar hún fór að vinna úr annarri reynslu. Hún leit meira á þetta sem óheppni og að hún hafi sjálf verið of full.

„Það kannski byrjar þegar ég var á öðru ári í menntaskóla þá verð ég fyrir einhverju svona leiðinda máli sem ég leit aldrei á sem kynferðislegt ofbeldi...ég ætlaði bara að passa mig að verða ekki of full aftur og hérna tók bara ábyrgðina á mig. Upp úr þessu fór skólinn bara til fjandans, ég féll í fimm fögum um jólin, þetta var um haustið, fékk tvo í stærðfræði sem ég hafði verið með níu í árið áður“.

Viðbrögð Drafnar var að gera lítið úr þessu fyrsta kynferðisofbeldi og reyna að gleyma því. Þarna hefði ég átt að spyrja hana meira út í málið, til dæmis hvernig lögreglan hafi brugðist við og hvort það hafi einhvertíman verið kært. Dröfn gerði reyndar lítið úr þessu og ef til vill er það nýtt fyrir hana að líta á þetta sem ofbeldi.

„Núna eftir á þegar ég fer að útskýra líf mitt hvernig það rúllaði áfram þá finnst mér þetta vera líkleg ástæða fyrir því að ég endaði í ofbeldissambandi...þetta sem gerðist fyrst ég sagði frá því mörgum árum eftir að ég byrjaði að vinna, það var bara ljósapera sem kviknaði einn morguninn heima, já þetta hefur sennilega haft svona mikil áhrif“

Þarna finnst mér koma skýrt fram hversu ríkt það er í okkar samfélagi að gera lítið úr kynferðisofbeldi eins og Marie Fortune bendir á. Þessi orð eru þau einu sem fram komu í viðtalinu um þessa nauðgunartilraun og virðist ég sem rannsakandi gerist sek um það þar sem ég geri heldur ekki mikið úr því. Hvorug okkar kallaði þetta til dæmis nauðgunartilraun í viðtalinu. En Dröfn segir frá því að í kjölfarið hafi hún byrjað með manni sem var 10 árum eldri en hún sem beitti hana ofbeldi.

„Þá var sjálfsmyndin farin fjandans til og bara allt í hassi og ég er 18 ára þegar ég byrjaði með 28 ára gömlum manni sem bara beitti mig ofbeldi, byrjaði á andlegu ofbeldi og þegar við vorum búin að vera saman í hálf ár byrjaði hann að lemja mig og hérna kynferðislegt ofbeldi var í sjálfu sér allan tímann í gangi“.

Þau skildu svo þegar sonur þeirra var 6 vikna gamall og Dröfn fór reglulega með drenginn heim til pabba síns í umgengni.

„Það var í einni svoliðis heimsókninni sem hann nauðgaði mér og ég hringdi strax eða fór beint á Teig þar sem ég hafði verið í meðferð sem aðstandandi alkóhólista fyrr á því ári og þaðan fór ég inn á neyðarmóttöku og fljótlega inn á Stígamót, fór alveg í allan þakkann strax“.

Dröfn var í um það bil fjögur ár í viðtölum hjá Stígamótum og varð leiðbeinandi eftir það í tvö ár. Aðspurð um það hvort hún hafi einhvertíman fengið þau skilaboð að hún ætti að fyrirgefa sagði hún.

„Nei mér finnst það nefnilega ekki, ég reyndar eftir að ég fékk bréfið frá þér þá hef ég hugsað dálítið um þetta þá ég man eftir að þegar að við skildum, ég og ofbeldismaðurinn, fyrir þessa síðurstu nauðgun það er að segja, þá fórum við til prestsins á ...að reyna að fá hjálp og mér fannst hann svo sem, ég veit það ekki, hann gera lítið úr þessu, ég man ekki hvort að það hafi verið þrýstingur á fyrirgefningu, en mér fannst hann gera dálítið lítið úr þessu, eða ég upplifði það að honum fyndist ég vera að gera dálítið mikið úr þessu.“

Rannsakandi: Vildi hann setta ykkur?

„Já, einmitt, en hérna kannski var það bara hans starf, ég veit það ekki“

Rannsakandi: Og hvernig leið þér með það?

„Ah, Ég var svo sem bara ákveðin þarna að ég var að fara, þannig að það fór dálítið í taugarnar á mér, þannig að þessir tímar voru náttla ekki til neins, hann kom þarna og laug og laug, hann var náttla hraðlyginn og laug að prestinum og ég spurði hann, af hverju laugstu þessu, því hann var ekki að ljúga að hann hafi ekki lamið mig, heldur var hann að ljúga að hann hafi farið snemma að sofa og eitthvað svona bull sko, bara af hverju varstu að ljúga því, æi bara þú veist ég var bara að koma með svona dæmi. Þetta var svona rosalega skrítið þannig að ég sá alltaf að þetta væri bara bull.

Sú reynsla sem kemst næst því að finna fyrir þrýstingi um að fyrirgefa eru sáttaviðtöl hjá presti. Eins og hún segir þá var það kannski hans starf að sætta og þau voru komin þangað undir því yfirskeyni. Tilfinningar hennar gagnvart sáttatilaununum eru samt algerlega réttmætar að mínu mata. Hér kemur ekki fram nægjanlega skýrt hvað það var sem presturinn vissi en það er samt ekki afsakanlegt að gera lítið úr heimilisofbeldi. Í framhaldi af þessu sagði hún.

„Svo man ég inni á Stígamótum þar er í raun ekki, bara alls ekki ýtt á þetta. Og hérna þegar að ég var sem reiðust, ég var nefnilega alveg ofboðslega reið og hataði rosalega mikið og hérna dreymdi um að drepa hann, þú veist það voru bara ógeðslegar myndir í hausnum á mér en hérna, þá var sko ráðgjafinn sem ég var með þá að tala um að takmarkið væri ekki að fyrirgefa heldur að vera alveg sama, bara að losa mig við þetta, það væri bara skrefið sem ég ætti að stefna á. Og mér finnst ég hérna alveg komin þangað. Mér er bara hjartanlega saman hvað þessi maður er að gera í lífinu og hérna og hvort hann er lífs eða liðinn“.

Það er áhugavert hversu ákveðin Dröfn er í því að það sé ekki gagnlegt að fyrirgefa og hjá ráðgjöfum Stígamóta virðist sú afstaða vera skýr. Afstaða Drafnar til fyrirgefningar er sú að hún þarf ekki að hugsa um það, það að fyrirgefa er ekki í hennar verkahring. Það er áhugavert að það markmið sem hún stefndi að, að vera alveg og losna við hann úr huga sér lýsir því sem Linda Hollies viðmælandi Robinson kallar fyrirgefningu og passar sá skilningur við eina merkingu orðsins ἀφίημι, að skilja eftir. Það er ekki mitt að segja að það sem Dröfn hafi gert sé fyrirgefning, það er hennar að nefna þá tilfinningu sem hún öðlaðist þegar henni tókst að vera sama um gerandann. Ég held að það sé eðlilegt að það sem ein kona kallar fyrirgefningu kallar önnur ekki að fyrirgefa. Dröfn segir einnig.

„Mér finnst einmitt hafa verið lögð áhersla á það að þú fyrirgefur ef að þig langar til, en það er aldrei einhver svona pressa finnst mér. Og það kemur mér, ég velti fyrir mér allaveg, þarna Guðrún Ebba er náttlega alin upp í kirkjunni, þar er kannski dálítið mikil áhersla lögð á fyrirgefningu sko, af

Því að mér finnst bara enginn ástæða til að fyrirgefa, það er hans að fyrirgefa sjálfum sér. Mér fannst það alveg nóg verkefni að fyrirgefa mér fyrir að hafa komið mér í þessar aðstæður og allt það en ekki þarna. Mér finnst það ekki vera mitt og mér finnst ég alveg búin að gera ógeðslega mikið að leyfa honum að taka barnið og þú veist treysta honum fyrir honum.“

Að mínu mati mátti sjá viðhorf femínista til fyrirgefningar hjá Dröfn. Hún hafði skýra mynd af því hvar ábyrgð nauðgunarinnar og þess ofbeldis sem fyrrverandi sambýlismaður hennar beitti hana. Hún taldi það ekki vera skyldu sína að fyrirgefa. Dröfn upplifði mikla reiði gagnvart gerandanum en hefur náð að vinna úr henni og er í dag nokkuð sama um hann.

3. Umræða og Niðurstöður

Það virðist ekki vera reynsla þessara þriggja kvenna að tal um fyrirgefningu sé hjálplegt við úrvinnslu kynferðisofbeldis. Á reynslu þeirra að dæma hefur tal um fyrirgefningu jafnvel þvælst fyrir þeim. Allar höfðu þær hugleitt þennan möguleika nema ef til vill Dröfn. Fyrirgefning hafði þó komið upp í samtölum hennar við ráðgjafa hjá Stígamótum en þá rædd með þeim formerkjum að hún væri ekki endilega takmarkið. Fyrirgefning virðist því vera til umræðu þegar kemur að kynferðisofbeldi en það er mín niðurstaða að ekki sé óæskilegt að þrýsta á hana. Ég tel heldur ekki að kristin trú geri þá kröfu til okkar að við fyrirgefum allt.

Ein kvennana, Elsa, byrjaði á því að segjast vera búin að fyrirgefa geranda sínum en komst svo að því að ekki var innistaða fyrir þeirri fyrirgefningu. Viðhorf hennar til þess að hafa reynt að fyrirgefa á þessum tíma er bæði jákvætt og neikvætt. Jákvætt að því leiti að hún gat notað hana til þess að geyma að horfast í augu við reynslu sem hún taldi sig ekki vera tilbúna til að vinna úr. Hún sagði að þessi fyrirgefning hafi líka verið

neikvæð af því að hún hafi staðnað um tíma. Þar sem þessi fyrirgefning hafði ekki innistæðu var hún ekki raunveruleg. Ef Elsa hefði haldið áfram að segjast vera búin að fyrirgefa hefði þetta orði slæm fyrirgefning sem hefði líklega ekki haft góð áhrif á líf hennar og úrvinnslu eftir þetta áfall. Kristin trú Elsu átti líklega mikinn þátt í því að hún reyndi að fyrirgefa, en hún talaði líka um það að trúin hafi hjálpað sér. Hún virðist núna einbeita sér frekar að því að réttlæti nái fram að ganga heldur en að fyrirgefa geranda sínum. Það er ef til vill markmið Elsu til þess að hún geti sleppt tókunum á þessari sáru reynslu.

Nálgun Viktors Frankl á því hvernig fólk verður hamingjusamt getur átt við fyrirgefninguna. Hann segir menn verið að hafa ástæðu til þess að vera hamingjusamir, þegar tilefnið gefst verða menn ósjálfrátt hamingjusamir. Eins ef við viljum fá einhvern til þess að hlæja verðum við að láta hann fá eitthvað aðhláturselfni. Það er ekki hægt að hvetja fólk til þess að hlæja innilega með því að segja því að hlægja.³⁷ Réttlæti er líklega gagnlegri leið að sátt frekar en tal um fyrirgefningu.

Áhugavert er að sjá að sú meðferðarnálgun sem notuð er hjá Stígamótum, að skilja eftir samsvari einni merkingu grísku sagnarinnar *ἀφίημι*. Sú merking orðsins samræmist einnig skilgreiningu sálfræðingsins John M. Berez á fyrirgefningu, að hún sé það að sleppa tókum á sársauka og biturð sem tilheyri fortíðinni. Ef til vill er hægt að nota þennan skilning orðsins þegar talað er um fyrirgefningu í samhengi kynferðisofbeldis. Reynsla þeirra þolenda sýnir samt sem áður að það er kannski ekki hægt að fyrirgefa allt. Ég held líka að það sé ekki okkar að ákvarða hvað sé fyrirgefning og hvað ekki. Mikilvægt er að greina á milli Guðlegrar fyrirgefningar og mannglegra. Þetta sýnir reynsla Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur vel. Á málþingi þann 18. október 2011 sagði hún frá því að hún fyndi ekki lengur fyrir þrýstingi um að fyrirgefa föður sínum fyrir að hafa misnotað sig. Hún sagðist hafa rifjað upp orð Jesú á krossinum „faðir, fyrirgef þú þeim því þeir vita ekki hvað þeir gjöra“ (Lúk 23.34). Hún telur það því ekki lengur vera sitt verk að fyrirgefa honum heldur Guðs.

³⁷ Viktor E. Frankl, *Leitin að tilgangi lífsins* 1996, s. 119-120.

Heimildir og önnur hjálpargögn

Útgefin gögn

Bash, Anthony og Melanie Bash, 2004: „Early Christian Thinking“ *Forgiveness in Context*. Ritstj. Fraser Watts og Liz Gulliford. Edinburg, T&T Clark.

Berecz, John M., 2001: „All That Glitters Is Not Gold: Bad Forgiveness in Counseling and Preaching“ *Pastoral Psuchology*, (2001:4). s.253-275.

Berg, Bruce L., 2009: *Qualitative Research Methods, For the Social Sciences*. 7.útg. Boston, MA, Persons Education.

Biblían: Heilög ritning. 2007, Hið íslenska biblíufélag. JVP útgáfa, Reykjavík.

Erla Björk Jónsdóttir, 2007: „Vald, heilun og fyrirgefning. Beiting fyrirgefningarinnar sem heilandi þáttar í bataferli kynferðislegs ofbeldis gegn börnum í ljósi gagnrýni kristinna femínista.“ B.A. Ritgerð í guðfræði. Reykjavík, Guðfræðideild Háskóla Íslanda.

Fortune, Marie M., 2005: *Sexual Violence, The Sin Revisited*. Cleveland, Ohio, The Pilgrim Press.

Greenberg, Leslie S., 2008: „The Clinical Application of Emotin in Psychotherapy.“ *Handbook of Emotions*. Ritstj. Michael Lewis, Jeannette M. Haviland-Jones og Lisa Feldman Barret. (ritstj.), 3ja útgáfa. New York. Guildforg Press.

Johannes P. Louw og Eugene A. Nida (ritstj.), *Greek English Lexicon of the New Testament based on Semantic Domains, Volume 2: Indices* 1988

Keene, Frederick W., 1995: „Structures of forgiveness in the new testament.“ *Violence Against Women and Children: A Christian Theological Sourcebook*. Ritstj. Carol J. Adams og Marie M. Fortune. New York, Continuum Publishing Company. s. 121-134

Kleiven, Tormod, 2011: „Slik som vi tilgir våre skylderne. Å tilgi sin neste, evangelium eller kristenplikt“ *Praktisk Theology* (2011:1) s. 40-50.

Nissinen, Martti, 1998: *Homoeroticism in the Biblical World, a Historical Perspective*. Minneapolis, Augsburg Fortress Publishers

Robinson, Lori, 2002: *I Will Survive, the African American Guide to Healing from Sexual Assault and Abuse*. New York, Seal Press.

Sólveig Anna Bóasdóttir, 2009: „Er ekki komin tími til að fyrirgefa?“ *Fyrirgefning og Sátt*. Ritstj. Edda Möller, Hreinn Hákonarson, Guðbjörg Jóhannesdóttir, Elín Elísabet Jóhannesdóttir, Halla Jónsdóttir og Halldór Reynisson. Reykjavík, Skálholtsútgáfan.

Tannehill, Robert, 1996: *Luke* (Abingdon New Testament Commentaries). Nashville, Abingdon.

Viktor E. Frankl, 1996: *Leitin að tilgangi lífsins*. Íslensk þýðing: Hólmfríður K. Gunnarsdóttir. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Watts, Fraser og Liz Guliford, 2004: „Relating the Psychology and Theology of Forgiveness“ *Forgiveness in Context*. Ritstj. Fraser Watts og Liz Gulliford. Edinburg, T&T Clark.

Wilson, Rev.Nancy, 1995: *Our Tribe, Queer Folks, God, Jesus and the Bible*. San Francisco, Harper Collins Publishers.

Heimildir á veraldarvefnum

„NASB Translation“ (Bible Suite: <http://biblesuite.com/greek/863.htm>) (sótt 15. janúar 2013)

„Hópnauðgun í strætisvagni í Delhi.“
(*MBL* http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/12/17/hopnaudgun_i_straetisvagni_i_delhi/)
(sótt 15. janúar 2013)

„Indland: Mótmæltu ofbeldi gegn konu“ (*RÚV* <http://www.ruv.is/frett/indland-motmaeltu-ofbeldi-gegn-konum>) (sótt 15. janúar 2013)

„Sagnmyndir“ (*Wikipedia* <http://is.wikipedia.org/wiki/Sagnmyndir>) (sótt 15. janúar 2013)

Viðauki 1

Bréf til þátttakanda

Sæl [Nafn þátttakanda]

Eva Björk Valdimarsdóttir heiti ég og er nemandi við guðfræðideild HÍ. Ég er að gera cand.theol ritgerð um fyrirgefninguna í samhengi kynferðisofbeldis. Ég var að spá í hvort ég mætti taka viðtal við þig vegna hennar.

Tildrög verkefnisins voru orð Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur á málþingi í fyrra um að hún hafi fundið fyrir þrýstingi um að fyrirgefa geranda sínum. Megin viðfangsefni mitt er því hvort fleiri finni fyrir þeim þrýsting og hvaðan hann komi. Ritgerðina ætla ég bæði að byggja á fræðilegu efni og viðtölum við konur sem eru þolendur kynferðisofbeldis. Ég veit ekkert um þitt mál en [nafn tengiliðs] var búin að segja mér að ég gæti ef til vill tekið viðtal við þig.

Nafn þitt eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar munu hvergi koma fram, hvorki í ritgerð né gögnum til kennara. Þú þarft heldur ekki að svara öllum spurningum og getur hætt viðtalinu hvenær sem er.

Ef þú ert til í þetta þá þurfum við að finna okkur tíma. Næsta vika myndi henta vel fyrir mig. Hvaða tímar dags og hvaða daga henta þér?

Með vinsemd

Eva Björk

Viðauki 2

Viðtalsrammi

Segðu mér frá sjálfri þér?

-aldur -fjölskylduaðstæður – skóli / atvinna

Hvernig var að alast upp?

-Hvar ertu fædd -fjölskylduaðstæður -varstu alin upp í trú?

Getur þú sagt mér frá nauðguninni, bara eins mikið og þú villt sjálf?

- aðdragandi -hvernig hefur þér liðið

Hvað varð til þess að þú sagðir frá

-var erfitt að taka ákvörðun um að kæra

Hvert leitaðir þú eftir stuðningi og hjálp?

Fannst þú fyrir þrýstingi um að fyrirgefa?

-ef já -kom hann frá umhverfinu -kom hann að innan

-ef ekki -leið þér eins og þú vildir það ekki –standa með þér

-hvaða merkingu leggur þú í að fyrirgefa =gleyma =var ekki brot

Finnst þér þetta hafa breytt þér eitthvað?

Er eitthvað sem þér lyggur á hjarta eða villt að komi fram?

-Ítreka trúnað

-Má ég hafa samband ef eitthvað gleymist

-Benda á Sigfinn

-Kærar þakkir